

Pétur Henry Petersen

Læknadeild HÍ

Vatnsmýrarvegur 16

101 Reykjavík

Varðar: Umsókn ORF um moltugerð úr byggplöntuleifum

Ráðgjafanefnd um erfðabreyttar lífverur hefur farið yfir umsóknina og þau fylgiskjöl sem bárust síðar (dagsett 24 september 2019).

Það er álit nefndarinnar að:

- 1) vanda hefði mátt betur mælingar á áhrifum hita á spírun byggfræja t.d. endurtaka þær og merkja ása rétt. Einnig eru t.d. misvísandi niðurstöður um lifun við 30 mínútur við 40 gráður.
- 2) skortur sé á heimildum um lifun fræja við moltugerð. Við óskum eftir því að umsækjandi sendi vísindalegar heimildir um bæði lifun fræja almennt við moltugerð og sérstaklega um lifun fræja erfðabreyttra lífvera við moltugerð ef þær rannsóknir eru til.
- 3) það sé mikilvægt forskref að moltugerðinni að hita plöntuleifarnar í hið minnsta 50 gráður Celcius í 60 mínútur. Slík meðhöndlun ætti að tryggja að enginn fræ fari til moltugerðar.
- 4) UST gæti óskað eftir því að t.d. fyrsta árið sé fylgjst með hvort einhver fræ geti spírað eftir þetta skref t.d. með því að taka stikkprufur.
- 5) moltugerðin muni ein og sér óvirkja fræ, en með hitunarskrefi á undan, sé það tryggt að enginn fræ geti spírað (t.d. ef moltugerð misferst að einhverju leyti) og í ljósi þess að um er að ræða plöntu sem ekki getur lifað við íslenskar aðstæður, sé áhættan því hverfandi lítil.

Virðingarfyllst, fyrir hönd nefndarinnar



Pétur Henry Petersen, formaður